

Greiðslur til framleiðenda

GREIÐSLUFYRIRKOMULAG TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA FRÁ 1. SEPTEMBER 2006 Lágmarksverð til mjólkurframleiðenda er samsett úr greiðslum frá mjólkurstöðvum og greiðslum frá ríkinu. Heildarfjárhæðir beingreiðslna eru nú bundnar í samningi um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu sem tók gildi 1. september 2005 en afurðastöðvaverð ákvarðast áfram af verðlagsnefnd búvöru. Þar að auki munu koma til greiðslur frá ríkinu sem kynbóta- og þróunarfé, gripagreiðslur og óframleiðslutengdur stuðningur eftir því sem líður á samningstímann.

GREIÐSLUR RÍKISSJÓÐS Í sjöttu grein samnings um starfsskilyrði mjólkurframleiðslu er tiltekið hve háar fjárhæðir verða greiddar í beingreiðslur, kynbóta- og þróunarfé, gripagreiðslur og óframleiðslutengdan stuðning á samningstímanum. Þar kemur fram eftirfarandi skipting á framlögum frá ríkissjóði á samningstímanum, sjá töflu 1.

Tafla 1. Framlög og skipting þeirra í milljónum króna.

Verðlagsár	Heildar- fjárhæðir	Beingreiðslur	Kynbóta- og þróunarfé	Gripagreiðslur	Óframleiðslu- tengdur stuðningur
2005/2006	4000	3900	100	0	0
2006/2007	3960	3465	99	396	0
2007/2008	3920	3381	98	392	49
2008/2009	3881	3299	97	388	97
2009/2010	3842	3218	96	384	144
2010/2011	3804	3139	95	380	190
2011/2012	3766	3014	94	376	282

Heildarfjárhæðir beingreiðslna ríkisins eru bundnar við fastar upphæðir á hverju verðlagsári samningstímans óháð heildargreiðslumarki. Þannig lækka beingreiðslur á lítra þegar greiðslumark hækkar en hækka þegar greiðslumark lækkar.

Fjárhæðir í samningnum eru miðaðar við verðlag 1. janúar 2004, en þá var vísitala neysluverðs 230,00 stig, og taka mánaðarlegum breytingum þaðan í frá skv. vísitölu neysluverðs. Beingreiðsla á lítra breytist þannig mánaðarlega frá og með 1. september 2005. Heildarfjárhæð til beingreiðslna á verðlagsárinu 2006/2007 er 3.465 milljónir kr og greiðslumark er 116 millj. lítra. Meðalbeingreiðsla á lítra ætti því að vera kr 29,8707 samkvæmt:

$$(3.465.000.000/116.000.000=29,8707).$$

Hins vegar þarf að taka tillit til breytinga á vísitölu neysluverðs. Þannig var t.d. neysluverðsvísitala 264,0 fyrir september 2006 og var því beingreiðsla að meðaltali á lítra á septemberverðlagi 34,4942 kr $((264,0/230,0)*29,8707=34,4942)$.

Samkvæmt búvörusamningi skulu beingreiðslur greiðast mánaðarlega og skal framkvæmdanefnd búvörusamninga ákveða nánar greiðslutilhögun og fráviksmörk beinna greiðslna fyrir upphaf hvers verðlagsárs, að fengnum tillögum Landssambands kúabænda. Dreifing beingreiðslna og fráviksmörk eru með eftirfarandi hætti 1. september 2006 til 31. ágúst 2007 skv. reglugerð nr. 610/2006:

- A: 47,67% af beingreiðsluhluta skal greiða óháð framleiðslu, að því tilskildu að framleiðsla lögbýlisins sé a.m.k. 90 % greiðslumarks.
- B: 35,45 % af beingreiðsluhluta skal greiða eftir framleiðslu allt að greiðslumarki hvers framleiðanda.
- C: 16,88 % af beingreiðsluhluta skal greiða að 16/30 hluta með jöfnum hlutfallslegum fjárhæðum fyrir innlegg í mánuðunum nóvember til og með febrúar (vetrarálag). 4/30 hluta skal greiða fyrir innvegna mjólk í september, 2/30 hluta fyrir innvegna mjólk í október, 3/30 hluta fyrir innvegna mjólk í júlí og 5/30 hluta fyrir innvegna mjólk í ágúst.

Að því marki sem beingreiðslur ganga ekki út eftir uppgjör innan greiðslumarks verður greitt samkvæmd lið A og B hlutfallslega út á heildarframleiðslu umfram greiðslumark hvers lögbýlis. Ef mjólkurframleiðsla verður minni en sem nemur heildargreiðslumarki þannig að beingreiðslur ganga ekki út er ónotuðum beingreiðslum jafnað út á allt innvegið mjólkurinnlegg greiðslumarkshafa.

GREIÐSLUR AFURÐASTÖÐVANNA Efnainnihald viðmiðunarmjólkur er meðalefnainnihald í mjólk á landinu s.l. þrjú verðlagsár. Nýtt efnainnihald viðmiðunarmjólkur reiknast eftir hvert verðlagsár og gildir það fyrir nýtt verðlagsár. Efnainnihald viðmiðunarmjólkur breyttist milli verðlagsáranna 2005/2006 og 2006/2007. Fita viðmiðunarmjólkur var 4,00 % og prótein var 3,32% fyrir verðlagsárið 2005/2006 en fita er nú 3,99 % og prótein er nú 3,33% fyrir verðlagsárið 2006/2007.

Afurðastöð greiðir framleiðanda fullt verð fyrir 1. flokks mjólk innan greiðslumarks samkvæmt gildandi verðlagsgrundvelli á innleggsdegi. Frá 1. desember 1993 hafa afurðastöðvar eingöngu greitt framleiðendum eftir efnainnihaldi mjólkur, 25% miðað við fituinnihald og 75% miðað við próteininnihald meðalmjólkur.

Verð á fitu- og próteineiningu var eftirfarandi frá 1. janúar til 31. ágúst 2006 :

Efnabáttur	Verð á efnabátt í meðalmjólk	Verð á fitu- og próteineiningu
Fita	11,3625 kr	2,8406 kr/ein
Prótein	34,0875 kr	10,2673 kr/ein

Útreikningur á verði til framleiðanda á lítra mjólkur var því eftirfarandi:

$(2,8406 * \text{fituein. í mán.}) + (10,2673 * \text{próteinein. í mán.}) = \text{Samtals greiðsla fyrir innlagða mjólk í mánuðinum.}$

Vegna breytingar á efnainnihaldi viðmiðunarmjólkur frá og með 1. september breyttist verð á fitu- og próteineiningu og var eftirfarandi frá 1. til 30. september 2006 :

Efnabáttur	Verð á efnabátt í meðalmjólk	Verð á fitu- og próteineiningu
Fita	11,3625 kr	2,8477 kr/ein
Prótein	34,0875 kr	10,2365 kr/ein

Útreikningur á verði til framleiðanda á lítra mjólkur var því eftirfarandi:

$$(2,8477 * \text{fituein. í mán.}) + (10,2365 * \text{próteinein. í mán.}) = \text{Samtals greiðsla fyrir innlagða mjólk í mánuðinum.}$$

Verðlagsnefnd ákvað verðhækkun á afurðastöðvaverði sem tók gildi 1. október 2006 og er verð á fitu- og próteineiningu eftirfarandi frá 1. október:

Efnabáttur	Verð á efnabátt í meðalmjólk	Verð á fitu- og próteineiningu
Fita	11,8625 kr	2,9731 kr/ein
Prótein	35,5875 kr	10,6869 kr/ein

Útreikningur á verði til framleiðanda á lítra mjólkur er því eftirfarandi:

$$(2,9731 * \text{fituein. í mán.}) + (10,6869 * \text{próteinein. í mán.}) = \text{Samtals greiðsla fyrir innlagða mjólk í mánuðinum.}$$

ÞRÓUN Á VERÐI TIL MJÓLKURFRAMLEIÐENDA Í eftirfarandi töflu er sýnd þróun verðs til framleiðenda undanfarin 11 ár þann 1. september ár hvert m.v. mjólk með 4,2% fitu og 3,4% prótein að meðaltali. Verðið var 55,68 kr/lítra 1. september 1996 og 81,05 kr/lítra 1. september 2006.

Tafla 15. Verð til framleiðanda á lítra af mjólk með 4,2% fitu og 3,4% próteini pr. 1. september ár hvert 1995 - 2006. (Ath. á tímabilinu hefur m.a. gjald til stofnlándeildar verið fært inn í afurðaverð bænda.)

Greiðsla	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	2006
Afurðastöðvaverð á lítra	29,89	32,02	33,68	35,29	37,35	39,1	41,61	42,97	44,00	45,52	46,76
Beingreiðsla á lítra*	25,79	27,44	28,86	30,09	31,89	33,48	35,81	37,14	38,03	37,15	34,29
Verð alls á lítra	55,68	59,46	62,54	65,38	69,24	72,58	77,42	80,11	82,03	82,67	81,05

*Meðalbeingreiðsla á lítra á ársgrunni á verðlagi viðkomandi mánaða.

Kostnaður við mjólkurflutninga að mjólkursamlögum

BEINN FLUTNINGSKOSTNAÐUR AÐ MJÓLKURSAMLÖGUM var 2,72 kr/ltr að meðaltali árið 2005 og hækkaði um 0,16 auru frá árinu 2004. Þetta er hækkun um rúmlega 6% milli ára.

Nokkur hækkun hefur orðið í flutningskostnaði síðustu tvö ár, en hækkun á tímabilinu frá 1995 nemur 18% á sama tíma og hækkun vísitölu neysluverðs var 43%.

Tafla 15. Kostnaður við mjólkurflutninga að samlögum 1994 til 2005.

Mjólkursamlag	Beinn kostnaður á lítra, kr											Breyting milli ára (2004=100)
	1995	1996	1997	1998	1999	2000	2001	2002	2003	2004	2005	
Reykjavík	2,39	2,34	2,02	2,04	1,96	2,10	2,60	2,54	2,53	2,82	3,04	108
Borgarnes	2,30	1,98										-
Búðardalur	2,32	2,65	2,37	2,59	3,89	4,39	4,53	4,24	3,57	3,89	4,14	106
Ísafjörður	7,77	6,53	5,15	5,83	5,34	5,11	4,36	5,41	5,03	5,81	4,93	85
Hvammstangi	2,16	2,32	2,22	2,28	1,59	2,22	3,27	3,06				-
Blönduós	2,19	2,12	2,31	2,17	2,05	2,11	2,37	2,08	2,17	2,29	2,64	97
Sauðárkrókur	2,02	2,30	2,05	1,91	1,94	2,33	2,15	2,08	2,16	2,11	2,13	100
Akureyri	2,07	1,84	1,86	1,88	1,90	1,74	2,04	1,91	1,92	1,98	2,28	115
Húsavík	2,72	2,39	2,64	2,68	2,53	1,74	2,04					-
Mjólkursamlag Vopnfirðinga	4,34	5,30	5,08	3,87	3,98	3,68	3,38	3,24	3,91	3,50	4,04	115
MS Vopnafirði											6,48	-
Egilsstaðir	3,18	3,04	3,35	3,97	3,48	4,23	4,58	4,36	4,08	4,56	4,43	97
Neskaupstaður	3,95	3,00	1,66	1,44	2,00	4,87						-
Höfn	2,79	2,60										-
Selfoss	2,08	2,10	2,06	2,05	2,17	2,35	2,28	2,21	2,18	2,54	2,57	101
Meðalkostnaður	2,30	2,23	2,18	2,18	2,23	2,34	2,47	2,37	2,34	2,56	2,72	106

(Heimild: Framleiðsluráð landbúnaðarins og SAM skv. endurskoðuðum ársreikningum fyrir mjólkurflutninga)